



Reykjavík, 9. desember 2021
SFS2018120034
222. fundur
HG/res/gr

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskólum í skóla- og frístundaráði varðandi starfsmannamál í Fossvogsskóla

Á 216. fundi skóla- og frístundaráðs, 28. september 2021 lagði áheyrnarfulltrúi foreldra barna í grunnskólum í skóla- og frístundaráði fram svohljóðandi fyrirspurn:

Foreldrar hafa miklar áhyggjur af starfsmannamálum og samskiptum við stjórnendur. Nú eru 11 ár síðan skólinn fór í gegnum ytra mat og því erfitt að gera sér grein fyrir stöðu mála. Hversu margir kennarar hafa sagt upp störfum síðustu tvö skólaár sundurliðað á milli ára/anna? Hversu marga kennara vantar í Fossvogsskóla í dag? Hafa foreldrar verið upplýstir um það ef kennara skortir í þeirra árgangi? Hvert er hlutfall faglærðra og ófaglærðra kennara við skólann? Hver er meðalstarfsaldur kennara og starfsfólks sem eru í skólanum og hefur sú tala breyst síðustu tvö árin? Hver gætir hagsmuna nemenda og kennara þegar skólastjóri hefur lýst því yfir að hún sé ekki sá aðili? Hefur verið gert úttekt á starfsumhverfinu í Fossvogsskóla? Ef já, hvernig kom hún út? Ef nei, hvers vegna ekki? Hefur verið gerð úttekt á ánægju kennara og starfsfólks á stjórnendum skólans? Ef já, hver var niðurstaðan? Ef nei, hvers vegna ekki?

Svar:

Hversu margir kennarar hafa sagt upp störfum síðustu tvö skólaár sundurliðað á milli ára/anna?

Fjöldi kennara í Fossvogsskóla eru 31. Skólaárið 2019-2020 sögðu þrír kennarar starfi sínu lausu í Fossvogsskóla. Skólaárið 2020-2021 sögðu sex kennarar starfi sínu lausu í Fossvogsskóla.

Hversu marga kennara vantar í Fossvogsskóla í dag? Hafa foreldrar verið upplýstir um það ef kennara skortir í þeirra árgangi?

Í desember 2021 vantaði einungis tónmenntakennara við Fossvogsskóla. Í byrjun skólaárs 2021 vantaði einn kennara í 2. bekk og voru foreldrar upplýstir um stöðuna.

Hvert er hlutfall faglærðra og ófaglærðra kennara við skólann?

Allir kennarar skólans eru með leyfisbréf kennara að undanskyldum þremur leiðbeinendum sem eru að ljúka kennaranámi.

Hver er meðalstarfsaldur kennara og starfsfólks sem eru í skólanum og hefur sú tala breyst síðustu tvö árin?

Í gegnum tíðina hafa litlar breytingar verið á starfsfólki Fossvogsskóla og starfsaldur almennt hár. Árið 2019 hættu nokkuð margir kennarar sökum aldurs. Nánari upplýsingar liggja ekki fyrir.

Hver gætir hagsmuna nemenda og kennara þegar skólastjóri hefur lýst því yfir að hún sé ekki sá aðili?

Það er hlutverk skólastjóra Fossvogsskóla að gæta hagsmuna nemenda og starfsfólks.

Hefur verið gert úttekt á starfsumhverfinu í Fossvogsskóla? Hefur verið gerð úttekt á ánægju kennara og starfsfólks á stjórnendum skólans?

Viðhorfsskönnun starfsmanna er lögð fyrir árlega á öllum starfsstöðum borgarinnar og fór síðast fram dagana 1. til 25. mars 2021. Tilgangurinn er að fá fram viðhorf starfsmanna til starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarháttanna sem stjórnendur nýta til að bæta starfsumhverfið.